

1. fundur Framkvæmdanefndar um uppbyggingu á athafnasvæði Hestamannafélagsins Sörla, haldinn á Norðurhelli 2, þann 12.ágúst 2022 -kl. 8:00.

Viðstaddir voru.

Starfshópur.

Helga Ingólfssdóttir formaður

Stefán Már Gunnlaugsson

Bjarney G. Jóhannesdóttir

Atli Már Ingólfsson

Halldóra Einarsdóttir

Með starfshópnum starfa:

Sigríður Kristín Hafþórsdóttir Framkvæmdarstjóri Sörla

Sigurður Haraldsson Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs

Geir Bjarnason Íþrótt- og tómstundarfulltrúi forföll

Rósa Steingrímsdóttir Sviðsstjóri fjármálasviðs forföll

Einnig mætti á fundinn Stefán Veturliðason frá VSB verkfræðistofu.

Eftirfarandi var tekið fyrir.

1. Farið yfir vinnu fyrri starfshóps.

Helga Ingólfssdóttir formaður starfshópsins og Sigurður Haraldsson fóru yfir stöðuna á verkefninu.

2. Erindisbréf.

Lagt fram fyrra erindisbréf fyrir framkvæmdanefnd Sörla og farið yfir það, ljóst er að það þarf að endurskoða erindisbréfið miðað við stöðu á verkefninu í dag.

Í kaflanum Hlutverk lið 1) ætti að koma fram að Framkvæmdanefndin skuli vinna í samræmi við kostnaðarskiptingu 85/15 milli Hafnarfjarðarbæjar og Sörla og hafa þar til hliðsjónar kostnaðar- og eignaskiptingu sambærilegra félaga hjá Hafnarfjarðarbæ. Í lið 2, væru þá skilgreind þau verkefni sem framkvæmdanefndin ætti að vinna að og er það m.a. að vinna að undirbúningi og eftirliti með framkvæmdum á uppbyggingu á reiðhöll á athafnasvæði Sörla í samræmi við ákvörðun bæjarstjórnar og jafnframt undirbúa gerð rekstrarsamninga um afnot, viðhald og fleiri þætti sem snúa að samstarfi milli aðila.

3. Tilboð í Reiðhöll.

Lagt fram tilboð Eyktar ehf og kostnaðaráætlun í reiðhöllina, en eitt tilboð barst. Starfshópurinn samþykkir að fela Sigurði og Stefáni að fara í skýringarviðræður við Eykt ehf.

Næsti fundur

Næsti fundur verður föstudaginn 26. ágúst kl. 8:00 á Norðurhelli 2.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.8:45